



25-Mar-2008

# **SAGA 3.1.31**

## **What's New overview**

Copyright ©2008 TM Software. All rights reserved.



## ADT (gaADT)

- ADT - Töflur

Textum sem birtast í haus hvers flokks þegar ADT töflur eru flokkaðar eftir dálkunum "Heimsóknir" og "Upplýsingar" var breytt.

tt#35660

- ADT - Greiningar og aðgerðir

Nú birtist kóði og kóðaheiti í einni línu í rúðunetunum "Legur-Greiningar og aðgerðir" annars vegar og "Ferli-Greiningar og aðgerðir" hins vegar.

ac#10445,tt#38043,tt#38369

- ADT - Þjónustuflokkar

Nú er hægt að leiðrétta þjónustuflokka fyrir allar lotur í innlögn og síðasta ábyrga lækni í hverri lotu.

ac#20371,tt#38044,tt#38986

- ADT - Tegundir sjúklinga

Nú er hægt að breyta tegund sjúklings eftir að hann er lagður inn. Einungis er hægt að breyta legusjúklingum í legusjúklingatýpur og ferlisjúklingum í ferlissjúklingatýpur. Eingöngu er hægt að leggja legusjúklinga inn á legudeildir.

ADT Stillingar - Tegund deildar

Nú er ekki hægt að setja sjálfgefna "tegund sjúklings" deildar sem "Legusjúkling" ef deildin er ekki legudeild.

Nú er notandi beðinn um að staðfesta tvisvar áður en hann tekur legudeildarflagg af deild. Ef notandi samþykkir að taka legudeildarflaggið af þá er það loggað í kerfinu. Ef legudeildarflaggið er tekið af deild þá hættir ADT að virka fyrir þá deild.

ac#20416,tt#38045

- ADT:

Textanum 'Loka...' breytt í 'Loka lotu...' undir valmyndinni 'Meðferðir'.

tt#38047

- ADT - Leiðrétta þjónustuflokk

Nú er hægt að leiðrétta síðasta skráða þjónustuflokk í ADT

ac#23757,tt#38363,tt#38364

## ADT Configurator (gaADTConfigurator)

- ADTConfigurator er nú hluti af Sögu skelinni og er óháður gagnagrunnsschema.

tt#38256,tt#38286

## Afgreiðsla (gaSab)

- Afgreiðsla - Prentgluggi

Nú er hægt að stilla fyrir hverja innskráningardeild hvaða bráðasjúkraskrá og samskiptaseðil (0 kr.) skal prenta.

Ef stilligildin er ekki virk þá eru sjálfgefnar skýrslur í afgreiðslukerfinu prentaðar út.

ac#23052,tt#22043

- Eyðublaðaeining

Þegar ýtt er á F8 eftir að koma hefur verið skráð á sjúkling vistast komunúmer sjúklings í nýjum dálki,



'T\_ARRIVAL\_ID', í töfluna 'S\_SHEET\_ENCOUNTER'.

Breytt var glugganum sem sýnir upplýsingar um samskipti:

\*Þegar ADT er virkt og verið er að búa til ný samskipti eru lotu- og komufellilistar faldir.

\*Þegar ADT er virkt og verið er að uppfæra samskipti eru lotu- og komufellilistar sýnilegir.

\*Þegar ADT er ekki virkt og verið er að búa til ný samskipti eða uppfæra samskipti eru lotu- og komufellilistar faldir og "nonADT" fellilisti gerður sýnilegur. Sá fellilisti inniheldur komur viðkomandi sjúklings sem ná 30 daga aftur í tímann og 1 dag fram í tímann.

tt#30306

#### ● Afgreiðsla - Vistir

Nú kemur afsláttur fram fyrir neðan greiðslu- og gjaldaliðalista einstaklings og dregst sjálfkrafa frá skuld viðkomandi. Afsláttur fyrirtækis kemur einnig fram svo ekki fari á milli mála hver greiðir hvað og hver afslátturinn er.

ac#6880,tt#32128

#### ● Sjúklingaskrá/Þjóðskrá

Þegar erlendir ríkisborgarar voru nýskráðir var ríkisfang þeirra ranglega sett sem "Ísland". Þetta hefur verið leiðrétt.

ac#22760,tt#37753,tt#37754

#### ● Afgreiðsla

Flöggun einstaklinga er birt þegar ný koma er skráð í tímabókunarflipa líkt og áður hefur verið í komuflipa.

ac#22828,tt#37763,tt#37764

#### ● Afgreiðslukerfi

Í afgreiðsluglugganum er hægt að skrá útgáfudagsetningu kvittunar sérstaklega ef stilligildi 2049 er virkt, annars skráist núverandi dagur og tími. Þetta á sérstaklega við í þeim tilvikum þegar starfsemi stofnunar teygir anga sína út fyrir veggj hennar og greitt er fyrir þjónustu samstundis sem er svo ekki skráð í kerfið fyrr en síðar. Þá er í sumum tilvikum heppilegra að geta skráð útgáfudagsetningu kvittunar þegar greitt var fyrir þjónustuna, oftast komudag, en einnig er hægt að skrá aðra óháða dagsetningu ef það á við.

Einnig var staðlaðri laser-kvittun breytt þannig að hún sýnir nú þessa dagsetningu, ásamt komudagsetningu og prentdagsetningu. Stofnanir með A5 útprentun eða aðrar stofnanir með sérkvittanir sem vilja geta skráð útgáfudagsetningu á þennan hátt og sjá hana ekki á kvittununum sínum þurfa að hafa samband við þjónustudeild og óska eftir uppfærslu kvittunarinnar.

ac#22123,tt#37774,tt#37776

#### ● Afgreiðsla

Búið var til nýtt stilligildi (2050) undir Afgreiðsla - Komur sem heitir „Skrá bókunardagsetningu á a.m.k. dagsamla komur“. Ef það er virkt og notandi er að skrá komu á a.m.k. dagsamla bókun, þá er bókunardagsetningin sjálfgefin sem komudagsetning en ekki núverandi dagsetning kerfisins.

ac#20991,tt#37903

#### ● Afgreiðsla

Breytingar eiga einungis við um afgreiðsludeildir sem tengdar eru ADT.

Þegar sjúklingur sem tilheyrir lotu kemur í fyrsta sinn (í lotunni) þá er sjálfgefið gildi á komunni „Nýkoma“. Þegar sjúklingur kemur svo aftur í sömu lotu er sjálfgefið gildi „Endurkoma“.

ac#22807,tt#37924

#### ● Afgreiðsla - Breyta áætlun

Nú er hægt að breyta tímabili áætlunar án þess að upp komi villuskilaboð.

ac#23156,tt#38030,tt#38031

#### ● Stillingar - Aðföng:



Dálknum 'Sjálfgæfin komudeild' bætt við.  
'Deildarstarfsmaður' og 'Ábyrgur starfsmaður' færðir niður um eitt þrep í hausnum.

Afgreiðslukerfi - Komugluggi:  
Stingur upp á sjálfgæfna komudeildinni fyrir viðkomandi lækni þó aðeins sé hún til í fellilistanum.

Aðföng  
'Dálknum 'Sjálfgæfin komudeild' bætt við og notandi getur stillt á sjálfgæfna komudeild með því að velja úr fellilista yfir allar virkar komudeildir.

*ac#23159,tt#38032,tt#39417*

- Afgreiðsla - Finna tímabókun/Finna tímabókun eingöngu kennitala

Nú birtist textinn: "Engar færslur fundust" í fæti gluggans í ofangreindum leitargluggum ef leit skilar engum niðurstöðum.

*ac#23067,tt#38059,tt#38060*

- Afgreiðsla

Tímabókunarglugginn: Nú er hægt er að skrá tilvísandi lækni (úr læknaskrá) á hverja tímabókun.  
Komuglugginn: Tilvísandi læknir bókunarinnar birtist sjálfgæfið í viðeigandi innsláttarreit.

*ac#23022,tt#38072*

- Afgreiðsla - Breyting á gjaldflokkum

Nú er hægt að breyta um gjaldflokk á sjúklingum sem hafa verið afgreiddir með stilligildi 2039 virkt.

*ac#23347,tt#38142,tt#38366*

- Afgreiðsla - Loka "Afgreiða" glugga með "Ganga frá" hnappi

"Ganga frá" hnappur í afgreiðsluglugga (sýnilegur ef stilligildi 2039 er virkt) lokar nú afgreiðsluglugganum auk þess að ganga frá gjaldaliðunum.

*ac#23297,tt#38156*

- Afgreiðsla:

Við útprentun á tímabókun er nafn einstaklinga sem ekki mættu nú yfirstrikað.

*ac#23709,ac#3479,tt#38345*

- Afgreiðsla - Komur

Ef stilligildi 2027, 2028 og 3016 eru óvirk (LSH fyrirkomulag) og ArrivalShortCutsEnabled access bitinn er virkur er hægt að tvísmella á línu í komuflípanum og fá komugluggann upp.

*ac#23313,tt#38361,tt#38362*

- Afgreiðsla - Hættulegir einstaklingar

Nú er varað við hættulegum einstaklingum í Tímabókunum þegar hann er merktur sem kominn, en ekki þegar tíminn er bókaður.

*tt#38937,tt#38938*

- Afgreiðsla - Raðbókun/Afrita og klippa línur/Afrita og klippa heila daga

Nú afritast númer lotu yfir í afritaðar tímabókanir.

*ac#24411,tt#38981,tt#38982*

- Saga - Afgreiðslukerfi

Athugasemdir sem gerðar eru við tímabókun sjást nú þegar koma er skráð.

*ac#24642,ac#24946,tt#39154*



- Afgreiðsla - komugluggi

Svæði fyrir "gjaldfrítt vegna" hefur verið breytt í fellivallista auk þess sem nýjum ástæðum (barn, sálfræðiþjónusta) var bætt inn vegna reglugerðarbreytingar í janúar 2008. Hægt er að fá listann aðlagðan (ný atriði og/eða breytt röðun í lista) með því að hafa samband við þjónustudeild TM Software Healthcare.

Úrvinnsla

Skýrslan „SAGA3.1 Afgr: Gjaldfrjálsar komur" tekur mið af þessum nýju atriðum sem hægt er að gera komur gjaldfrjálsar vegna og birtir samantekt í sömu röð og listinn kemur fyrir í komuglugganum.

*ac#24721,tt#39210,tt#39211,tt#39212*

- Eyðublaðaeining - F8 virkni

Ef stilligildi 3016 er virkt virkar F8 takkinn alltaf og einnig þegar F8 er notaður útskrifast valin einstaklingur af komulistanum í afgreiðslukerfinu.

*ac#24756,tt#39459,tt#39493,tt#39494*

- Afgreiðsla - Áætlun - Vefbókanir

Nú þegar gerð er áætlun fyrir aðfang er hægt að skilgreina hvort leyfilegt sé að bóka tíma á þá áætlun af vefsíðu og í hvaða röð áætlunin er sýnileg vefnotendum.

Þessi skilgreining mun þó aðeins virka ef aðfangið og form tímabókunar séu vefbókanleg.

*tt#39541,tt#39551*

## Biðlisti (gaWaitingList)

- Biðlisti

Bætt var við möguleikanum að stjórna sýnileika flipanna „Biðlisti" með stilligildi 111 og „Innliggjandi" með stilligildi 112.

*ac#23826,tt#38428*

## eMR Komponentar

- Eyðublöð - Flýtilistar á eyðublöðum

Fókus er nú sjálfgefið settur á flýtilistann í stað örvatakanna svo hægt er að nota örvatakka í stað músar til að velja atriði.

*tt#36851*

- Þegar einstaklingur er valinn úr þjóðskrá/sjúklingaskrá er notast við gilda kennitölu ef hún er skráð í svæðið "gildkennit" í töflunni "g\_nr\_person".

*ac#23352,tt#38134*

- Kóðaleit

Stjörnumerktir kóðar sjást ekki lengur í kóðatrám þar sem ekki var hægt að velja þá og því tilgangslaust að birta þá yfir höfuð.

*ac#14134,tt#39262*

## Eyðublað

- Eyðublað - Samskiptaseðill mæðraverndar (#365)

Nokkrar mælingar sáust ekki almennilega í textasýn og var því kippt í liðinn. Það vantaði annaðhvort (albúmin og sykur í þvagi) eða vantaði fyrirsagnir (hlutfall mjaðma og mittis, hjartsláttur fóstur frá og til).

*tt#36721*

- Eyðublöð

Grunnvottorð læknis vegna krabbameins hefur verið uppfært.



ac#22113,tt#37622,tt#37623

- Eyðublöð - Skýrsla læknis um meintan atvinnusjúkdóm (EB225)

Skýrsla læknis um meintan atvinnusjúkdóm hefur verið breytt samkvæmt beiðni HTR.

tt#37664,tt#37665

- Nýtt eyðublað - Tilkynning um aukaverkun vegna lyfs

Meti heilbrigðisstarfsmaður það svo að sjúklingur þjáist af alvarlegum aukaverkunum vegna lyfs, náttúruylfs eða náttúruufna sem hann tekur þá er hægt að fylla út þar til gert eyðublað þar sem aukaverkunum og afleiðingum þeirra er lýst nákvæmlega auk annarra upplýsinga sem skipta máli þegar aukaverkanirnar eru skoðaðar. Fyrst um sinn þarf að prenta eyðublaðið út og senda til Lyfjastofnunar, en síðar verður hugsanlega hægt að senda það rafrænt.

tt#37666,tt#37667

- Eyðublöð

Nýju eyðublaði, "Beiðni um EKG, Holter og EEG" hefur verið bætt við.

Með blaðinu er hægt að óska eftir þremur rannsóknum: Hjartariti (EKG), Holter monitor og Heilariti (EEG).

ac#5823,tt#37712,tt#37713

- Eyðublöð - (pt) Dagnóta

Lýsingu hefur verið bætt við hverja Vinnugreiningu, líkt og er við Meðferð.

ac#22132,tt#37748,tt#37749

- Eyðublöð - Starfsmannakort

Starfsmenn geta á nýjan leik sett einkenni úr kóðunarkerfinu NEC sem skráð eru á "Meðferðarseðli, göngudeild" (#322) inn á starfsmannakortið sitt.

ac#22808,tt#37755,tt#37756

- Eyðublað - Skýrsla læknis um meintan atvinnusjúkdóm (Eb225)

Eyðublaðið er nú að finna í kafla 8, þar sem bréf, beiðnir, tilkynningar og önnur eyðublöð af þeim toga er að finna. Einnig er hægt að vandaliða eyðublaðið.

ac#22877,tt#37831,tt#37832

- Eyðublöð - Tilvísun (#196) / Samskipaseðill Læknavaktar (#291)

Nú er hægt að afrita kaflann "Saga - Skoðun", greiningar og úrlausnir af samskiptaseðli Læknavaktar á eyðublaðið Tilvísun.

tt#37885,tt#37886

- Eyðublöð

Kóðunarkerfi fyrir sjúkráþjálfara hefur bæst við flokkunarkerfaflóru Sögu. Nú er hægt að skrá meðferðir sjúkráþjálfara þar sem hægt er að skrá meðferðir og úrlausnir.

ac#22791,tt#37907

- Eyðublöð - TR-V Umsókn um styrk til kaupa hjálpartækis (#342)

Í kaflanum: "Útfyllist af lækni, iðjupjálfa, sjúkráþjálfara eða hjúkrunarfræðingi" eru kennitala, nafn, netfang, vinnusími, farsími og aðsetur notandans sett sjálfkrafa inn þegar blaðið er stofnað.

ac#2165,tt#37909

- Saga - Fæðingartilkyning #167

Settar voru eftirfarandi innsláttartakmarkanir á þyngd, lengd og höfuðummál barns.  
0 < þyngd(kg) < 10



0 < lengd(cm) < 80  
0 < höfuðummál(cm) < 80

Ekkert sjálfgefið gildi er lengur á kynjavali þegar búið er til nýtt eyðublað. Staðfesting eyðublaðs er bönnuð þar til kyn hefur verið skráð.

ac#23091,tt#37926

● Eyðublöð - Tilkynning um fæðingu (EB #167)

Ef stilligildi 110 er virkt þá verða notendur að skrá sveitarfélag fæðingarstaðs

ac#23229,tt#38018,tt#38027

● Eyðublöð - Lyfseðlar (EB187 og EB292) - Verð og pakkningafjöldi

Verð lyfja á lyfseðli reiknast nú rétt ef fjöldi pakkninga er fleytitala.

tt#38020

● Eyðublöð - Beiðni um blóðrannsókn(Eb221)

Breytingar gerðar á útprentun á undirskrift.

- \* "Læknir" breytt í "Starfsmaður"
- \* "Læknanúmer" breytt í "Númer" og dálkurinn stytur
- \* Bætt við dálknum "Starfsstétt" fyrir aftan "Númer"

Starfsstéttin er fengin úr "Kerfisumsjón.Notendur.Persóna.Starfsstétt"

ac#23221,tt#38022

● Eyðublöð - Beiðni um meðferð (eb377) / Biðlisti

Listinn „Meðferð“ í dálkinum „Meðferðir/Rannsóknir“ er nú sóttur út frá deildinni sem eyðublaðið er búið til á, þ.e. innskráningardeild þegar eyðublaðið er búið til. Meðferðaflipi í Biðlista sækir sambærilegar upplýsingar til að birta í listanum yfir þá sem bíða meðferðar. Stilla þarf í gagnagrunninum í upphafi hvaða listi er sóttur fyrir hverja deild. Þjónustudeild TM Software getur aðstoðað við það.

ac#23172,tt#38023,tt#38155,tt#38157,tt#38592

● Eyðublað - Beiðni um meðferð/rannsókn #377

Bætt var við kafla fyrir dvalarstað þar sem upplýsingar um núverandi dvalarstað einstaklingsins eru skráðar. Einnig var bætt við skráningarreit fyrir lokadag meðferðar í kaflanum „Samband við sjúkling“.

ac#23175,tt#38024

● Eyðublaðaeining - Taugarannsóknir (EB 339)

Nýr hnappur til afritunar "A" í haus kaflans "Viðtakandi".

Afritar upplýsingar um tilvísandi aðila, dvalarstað og rannsóknarfærslur úr síðasta eb377 (Beiðni um meðferð/rannsókn) fyrir viðkomandi sjúkling á sömu innskráningardeild.

ac#23176,tt#38025

● Eyðublöð - (Iv) Samskiptaseðill (EB291)

Tab röð breytt á (Iv) Samskiptaseðli. Nú fer bendillinn í "Greiningar" úr "Saga - Skoðun" þegar ýtt er á TAB.

ac#23260,tt#38061

● Eyðublöð - Rafrænir lyfseðlar

Kerfistexti fremst í villuboðum um rafræna lyfseðla sést ekki lengur. Ef villa kemur upp við sendingu lyfseðla litast stöðutextinn í hausnum rauður.

tt#38151

● Eyðublöð - Kaflinn "Upplýsingar" á Læknabréfi (EB186)



Kafllinn "Upplýsingar" á læknaþréfi er nú sjálfgefið lokaður þegar blaðið er stofnað.

*ac#23496,tt#38190*

● Eyðublöð - (or) Sjúkraskrá (#15)

Þegar sjúkraskrá er búin til þá fá "Innlagnadagur" og "Undirskriftardagur" sama gildi og dagsetning samskiptanna sem blaðið tilheyrir

*ac#23500,tt#38192*

● Eyðublöð - Tilkynning um fæðingu (167)

Greiningar skráðar í "Afbrigði fæðingar, móður" eru nú skráðar sem greining á móðurinni sjálfri. Þar af leiðandi birtast þessar greiningar nú á sjúklinga- og starfsmannakorti.

*ac#23124,tt#38196*

● Eyðublöð - Lyfseðlar (eb187 og eb292)

Ekki er lengur hægt að senda rafræna lyfseðla á gervikennitölur (sem innihalda bókstafi).

*tt#38230,tt#38232*

● Læknaþréfi #186 var breytt þannig að nú er einnig hægt að afrita Aðgerðalýsingu #11 inn á það.

*ac#23606,tt#38253*

● Eyðublöð - Lyfseðill (#187)

Ef reynt er að senda lyfseðil rafrænt án skömmtunarpplýsinga koma upp skilaboð sem banna það. Nú fær svæðið "Notkunarleiðbeiningar" sjálfkrafa fókusinn ef þessi skilaboð koma upp.

*tt#38368*

● Eyðublöð - Beiðni um blóðrannsókn (#221)

Villa löguð í 'Aðrar rannsóknir' kaflanum þar sem ekki var hægt að opna kóðaleitargluggann með Enter takkanum.

*ac#23776,tt#38390,tt#38510*

● Eyðublað - Framvinda og mat - Skráning hjúkrunar (#42)

Löguð var villa þess eðlis að seponeruð (ógild) meðferð/verkþáttur afrituðust yfir á nýtt eyðublað Framvindu og mats.

*ac#20366,tt#38406,tt#38407*

● Eyðublöð - Beiðni um myndgreiningu (#355)

Kaflarnir 'Hvaða rannsóknir óskast?' og 'Sjúkrasaga' eru nú opnir þegar blaðið er búið til.

*ac#23963,tt#38514,tt#38515*

● Eyðublöð - Beiðni um EKG, Holter, EEG (#406)

Allir kaflar nema 'Persónuupplýsingar' og 'Afgreiðsla beiðni' eru nú opnir á 'Beiðni um EKG, Holter, EEG' þegar það er stofnað.

*ac#23984,tt#38517*

● Eyðublöð

Upplýsingar úr Almennri skoðun (#307) eru nú afritanlegar í "Almennu læknaþréfi" (#64) og "Læknaþréfi (#186)".

*ac#24037,tt#38558*

● Eyðublöð:

Hámarks öndunarhraði hefur nú verið hækkaður úr 70 í 100 slög á mínútu.





ac#24089,tt#38841

- Eyðublaðaeining - (er) Bréf og greinargerðir

Nú er kominn S-hnappur á blaðið sem gerir notanda kleift að sjá hversu margar blaðsíður textinn sem hann hefur skrifað er og einnig hversu margar línur eru á síðustu blaðsíðunni.

ac#24342,tt#38891

- Eyðublöð - Lyfseðill (#187)

Nú er aftur hægt að nota skammtalistann í lyfseðli.

ac#24389,tt#38977,tt#38978

- Eyðublöð - Læknisvottorð um hreyfihömlun (#171)

Texti sem vísar í lög um almannatryggingar hefur verið uppfærður.

ac#24416,tt#39041,tt#39042

- Textasýn

Nú birtast upplýsingar úr "Almennri skoðun" (#307) í Textasýn

ac#24439,tt#39071

- Eyðublöð - Beiðni um blóðrannsókn (#221)

Nú er meira pláss fyrir aðsetur í útprentun á 'Beiðni um blóðrannsókn'.

tt#39126

- Saga - Eyðublöð - Fæðingartilkyning (#167)

Nýju svæði "Upphaf fæðingar" bætt við kaflann "Meðganga og fæðing". Möguleg gildi eru: "Sjálfkrafa sótt", "Framköllun fæðingar", "Keisaraskurður án fæðingasóttar"

ac#24710,tt#39183

- Biðlisti / Eyðublað - Innköllun til meðferðar (#378)

Útliti eyðublaðsins „Innköllun til meðferðar“ hefur verið breytt á þann hátt að titill blaðsins er nú „Innköllun“. Sérútprentun eyðublaðsins og prentun úr Biðlista endurspeglar þá breytingu og að auki hefur leturstærð titils verið minnkuð. Einnig er kennitala einstaklings ekki lengur prentuð beint á eftir nafni hans.

ac#20754,tt#39194

- Eyðublöð

Nú er hægt að skrifa athugasemdir við hverja sjúkdómsgreiningu á eftirfarandi eyðublöðum: TR-V sjúkradagpeningar (#21), TR-V áverkavottorð (#23), TR-V lenging fæðingarorlofs móður (#345)

ac#20746,tt#39195

- Eyðublöð - Framvinda og mat (#42) og Samskiptaseðill hjúkrunar (#195)

EPDS mælingar sem skráðar voru á öðru hvoru blaðinu sáust ekki ef mælingagluggi var skoðaður í hinu blaðinu. Þetta hefur nú verið samræmt þannig að í hvoru blaðinu sem þetta er skráð sést nú mælingin í mælingaglugga í þeim báðum.

ac#23822,tt#39259

- Eyðublað - Beiðni um EKG, Holter, EEG (#406)

Af blaðinu „Beiðni um EKG, Holter, EEG“ sést nú allt í textasýn.

ac#24855,tt#39300

- Eyðublað - Bréf til sjúklings (#366)

„Bréf til sjúklings“ sést nú í Textasýn. Texti bréfsins sést þó ekki nema valin sé ítarleg sýn.



- Eyðublað - Samskiptaseðill v/ sykursýki

Nýtt skráningareyðublað var búið til fyrir meðferð vegna sykursýki. Það heitir „Samskiptaseðill v/ sykursýki“ og er ætlað bæði til skráningar fyrir lækna og hjúkrunarfræðinga. Sérstök handbók er til um þetta eyðublað, hana má nálgast hjá þjónustudeild TM Software.

Forsíða

Í forsíðueiningunni má sjá samantekt nokkurra þátta sem skráðir eru á nýja eyðublaðinu. Þeir eru a) samantekt síðustu heimsókna, b) yfirlit yfir fræðslu sem farið hefur fram í tengslum við sjúkdóminn og c) insúlínsaga einstaklingsins. Kerfisstjóri þarf að gefa réttindi á þessar sýnir forsíðunnar.

tt#37158,tt#38036,tt#38444,tt#38511,tt#38747,tt#39037,tt#39358,tt#39553,tt#39554

- Eyðublaðaeining - Beiðni um talþjálfun án samnings við TR

Nýtt eyðublað fyrir talmeinafræðinga sem ekki eru með samnging við TR. Á blaðinu eru kaflarnir: „Ágrip sjúkrasögu / skoðu“ og „Umsögn og fyrirmæli læknis“. Í síðarnefnda kaflanum er hægt að skrá sjúkdómsgreiningar, tegund þjálfunar, áætlaðan fjölda meðferða, áætlaðan árangur þjálfunar, hvort niðurstöður greiningar talmeinafræðings fylgi með og gildistíma beiðnar.

ac#25352,tt#39689,tt#39690

- Eyðublöð (lv)Lyfseðill (EB292).

Nú er hægt að velja apótek í lyfseðli Læknavaktar.

tt#39765,tt#39766,tt#39767

## Eyðublöð (gaSheetModule)

- Eyðublöð - Lyfseðill (#187) og Lyfseðill Læknavaktar (#292)

Notkunarleiðbeiningar lyfseðils sem kerfið býr til ættu nú að vera læsilegri í flestum tilfellum.

ac#7840,tt#23800,tt#38229

- Eyðublöð - almennt

Fyrir hvert eyðublað er nú einnig starfsstétt undirritaðs skráð. Starfsstéttin er sótt í í kerfisumsjón.

ac#23267,tt#38042

- Eyðublaðaeining - Lotur

Nú birtist ekki lengur sérstök grein fyrir kóða í tré eyðublaðaeiningunnar. Þess í stað birtist kóðalistinn í greinunum fyrir lotur og komur eftir því sem við á.

ac#20604,tt#38048,tt#38049

- Eyðublaðaeining - Þjónustuflokkar

Nú er hægt að skoða eyðublöð eftir þjónustuflokkum. Í trénu vinstra megin í einingunni hefur verið bætt við nóðunni "Þjónustuflokkar". Ef kerfissjúklingur hefur skráð eyðublöð undir einhverjum lotum er hægt að sprengja út nóðuna til að fá lista yfir þá ADT þjónustuflokka sem kerfissjúklingurinn hefur skráð gögn á. Hægt er að velja þjónustuflokk til að fá lista af eyðublöðum sem skráð hafa verið í lotur sem tilheyra völdum ADT þjónustuflokki.

ac#23501,tt#38194

- Eyðublöð - Flýtitextar

Þegar settur er inn flýtitexti með CTRL+T færast nú bendillinn aftast í ritsvæðið.

ac#22987,tt#38546,tt#38547

- Eyðublaðaeining - Lotur



Nú opnast sjálfkrafa síðasta koma einstaklings þegar eyðublaðaeiningin er opnuð ef login-deild viðkomandi leyfir lotur í eyðublaðaeiningu (stilligildi 91). Ef einstaklingur á enga gilda komu opnast eyðublaðaeiningin eins og áður með nafn einstaklings valið í samskiptatrénu og persónuupplýsingagluggann opinn. Ennfremur opnast samskiptanóðan ekki sjálfkrafa þegar eyðublaðaeiningin er opnuð ef stilligildi 91 er virkt.

ac#24980,tt#39355,tt#39467

## Forsíða (gaCoverTool)

- Forsíða - röðun glugga og opnun eyðublaða

1. Ef gluggum er bætt við eða eytt af forsíðu er gluggum endurraðað.
2. Ef smellt er á línu í greiningarglugga þá opnast síðasta blað skráð með sömu dagsetningu og kóða.

tt#36998

## gaAttachments

- Viðhengi - Bæta við viðhengi

Nú er hægt að velja margar skrár í einu til að bæta við sem viðhengi.

tt#36998

- Viðhengi - Eyða viðhengi

Nú þarf að staðfesta áður en viðhengi er eytt.

ac#22111,tt#37612,tt#37613

- Viðhengi

Viðhengi er opnað með skeljarforriti ef tvísmellt er á það.

Bætt var við hnappi á tólastiku sem opnar samskipti í Eyðublaðaeiningu (sama og F7 gerir). Einnig var samskonar atriði bætt í valmyndina þegar hægrismellt er á samskipti.

Eyðublöð

Bætt var við atriði í valmyndina "Samskipti" sem opnar samskipti í "Viðhengjaeiningu" (sama og F7 gerir). Samskonar atriði bætt í valmyndina þegar hægrismellt er á "Samskipti".

tt#37778,tt#37875

- Saga - Skel

Nú opnast ADO tenging við gagnagrunn einungis þegar þess gerist þörf í stað þess að opnast þegar Sagan er ræst

ac#23459,tt#38152

- Viðhengi

Samskiptin í "Viðhengiseiningunni" raðast núna í öfugri tímaröð þ.e. nýjast efst.

ac#23682,tt#38325

- Viðhengi - Tóm samskipti

Nú leyfir "Viðhengiseiningin" notanda að bæta viðhengjum á tóm samskipti sem notandi er ekki ábyrgur fyrir. Ennfremur kemur upp viðvörðun þegar notandi reynir að eyða samskiptum í eyðublaðaeiningunni sem innihalda einungis viðhengi.

ac#23743,tt#38782

## Hraðskráning (gaSpeedEncounter)

- Rafræn eyðublöð - Senda til starfsmanns

Nú er fyrsta deild á deildarlista viðtakanda sem er til á mörgum deildum í Sögu með fókus í samræmi við



sömu hegðun í Vinnulista.

ac#22882,tt#37946,tt#37947

## Kerfisumsjón (gaAdmin)

### ● Kerfisumsjón - Leit

Nú er engin munur gerður á há- og lágstöfum í leitinni. Einnig er notandi nú látinn vita ef ekkert finnst við leit.  
tt#29023

### ● Kerfisumsjón

Kerfisumsjón fékk smá andlitsupplýftingu:

- \* Skipt var út táknmyndum.
- \* Töflur voru yfirfarnar þannig nú er hægt að raða eftir öllum dálkum.
- \* Hægt er að leita í öllum dálkum með því að velja þá og slá inn textann sem leitað er að.
- \* Hægt er að færa til dálka innan hverrar töflu.
- \* Töflurnar vista stöðu sína.
- \* Bætt var við hakreitum þannig að það sjáist aðeins virkir notendur eða virkar deildir.

tt#39036,tt#39038

### ● Kerfisumsjón

- \* Bætt var við hakreit þannig að hægt er að sýna aðeins virkar stofnanir.
- \* Viðhalds myndinni fyrir notendur var breytt þannig að nú er aðeins hægt að velja virkar stofnanir í fellivalinu fyrir stofnanir.

ac#24827,tt#39280

## Legur (gaADTAdmissions)

### ● Ný Eining - Legur

Ný eining fyrir Legudeildir var búin til. Í einingunni er hægt að innrita sjúklinga, færa þá milli deilda og þjónustuflokka, skrá þá í og úr leyfi, skrá ábyrgan lækni og annað starfsfólk og skrá greiningar.

tt#37491,tt#37525,tt#37597,tt#38336,tt#38337,tt#38338,tt#38339,tt#38340,tt#38341,tt#38367,tt#38473



tt#39349

## Lyfjakort (gaMedCard)

### ● Lyfjakort

Ef lýsing á ofnæmi er skráð í persónuupplýsingum er hún birt með í aðvörunartexta í Lyfjakorti.

ac#22013,tt#37616

## Pappírssjúkraskrá (gaJournalfile)

### ● Pappírssjúkraskrá (FSA) - Athugasemdarflipi

Athugasemdir vistuðust einungis ef farið var úr einingunni með því að loka henni.

Nú vistast athugasemdirnar einnig þegar farið er úr einingunni með því að smella beint á aðrar einingar.

ac#23127,tt#38135,tt#38335

## RIS

### ● RISLink

Bætt var í tækjastiku fyrir RISLink hnöppum til að sýna skilaboð og fundi. Einnig var texti á hnöppum í tækjastiku íslenskaður.

tt#39391,tt#39392,tt#39466,tt#39480,tt#39481,tt#39482

## SAGA



- SAGA

"Velja dálka" hnappur virkar á sama hátt alls staðar í kerfinu.

tt#32118

- Afgreiðsla - Finna komur og tímabókanir  
Biðlisti - Meðferð  
Vinnulisti - Óklárað hjá mér

Eftirfarandi töflur raða nú nöfnum með íslenska stafi í rétta röð: "Meðferð í Biðlista", "Finna komur", "Finna tímabókun" og "Finna tímabókun eingöngu kennitala" í "Afgreiðslu" og "Óklárað hjá mér" í "Vinnulista".

ac#23491,tt#38191

- Rannsóknarkerfi (td-web)

Bætt var við einingu í Sögu sem tengist rannsóknarvefnum (td-web) á sambærilegan hátt og RISLink. Einingin heitir gaTDWeb og þarf að setja slóðan á td-web vefinn sem viðfang þegar einingin er stofnuð (td. "http://10.10.1.24/td-web/").

tt#39230,tt#39231,tt#39354,tt#39477,tt#39478,tt#39479

## Skel (gaShell)

- Saga - Aðalvalmynd

Nú vistast breiddin á stikunni, vinstra megin í aðalglugga Sögu, sem geymir ræsitáknin fyrir einingarnar.

tt#22947

## Skilaboð (gaInternalMail)

- Skilaboðaeining - Viðtakendur

Deildarlisti raðast nú í stafrófsröð

tt#38564

## Skýrsla (CR skrá)

- Eyðublöð - Heyrnarmæling nýbura (#407)

Nýtt eyðublað, heyrnarmæling nýbura er komið í eyðublaðaeininguna.

ac#23516,tt#38200,tt#38201

- Skýrsla - „SAGA3.1 Skráning: Tilefni samskipta"

Nú er hægt er að velja ákveðinn starfsmann við keyrslu skýrslunnar til að sjá eingöngu gögn úr þeim samskiptum sem sá starfsmaður er ábyrgur fyrir (skv. upplýsingum um samskipti).

ac#23298,tt#39184

- Skýrsla - „SAGA3.1 Sótt: [SÓTTVARNALÆKNIR] - Bólusetningar - Þekjun"

Í haus skýrslunnar „SAGA3.1 Sótt: [SÓTTVARNALÆKNIR] - Bólusetningar - Þekjun" stendur nú „Skýrsla fyrir árið 2007" í stað „Skýrsla í janúar 2008". Þá er gengið út frá að árið 2008 hafi verið valið við keyrslu skýrslunnar. Orðalag var þannig gert skýrara svo að nú fer ekkert á milli mála varðandi gögn hvaða árs eru tekin saman í skýrslunni. Þegar skýrslan er keyrð skal áfram velja núverandi ár þar sem þess er óskað að gögn séu tekin saman um börn sem verða 3 ára á völdu ári. Skila skal skýrslunni fyrir lok janúar á hverju ári en ábending um það kemur einnig fram í texta neðst á skýrslunni.

ac#14127,tt#39188

- Aðföng - Röðun

Nú er hægt að raða aðföngum í númeraröð. Í "Stillingar - Aðföng" er kominn dálkur sem heitir 'Röð'. Ef heiltala er í þeim dálki er hún notuð til að raða aðfanginu í hækkandi númeraröð. Ef engin tala er í dálkinum



kemur aðfangið í stafrófsröð á eftir öllum aðföngum með númeri í 'Röð' dálkinum.

Í einingunni Aðföng geta notendur raðað þeim aðföngum, sem þeir hafa aðgang að, á sama hátt.

~~~~~

Stillingar - Afgreiðsludeildir

Í Stillingum er nú hægt að setja inn lógó fyrir hverja afgreiðsludeild auk þess að skrá upplýsingar um staðsetningu, faxnúmer, bankareikning og annað sem áður var einskorðað við stofnun eingöngu. Þar má einnig setja heiti stofnunar eins og óskað er eftir að það líti út á kvittunum. Þannig má nú prenta út kvittanir í samræmi við afgreiðsludeildir þær sem fólk er meðhöndlað á.

~~~~~

Afgreiðslukerfi - Kvittanir

Hægt er að stilla kerfið þannig að upplýsingar í haus kvittana séu lesnar út frá afgreiðsludeildum frekar en stofnun. Kerfisstjóri þarf að skrá þessar upplýsingar í Stillingum og eins að setja töflugildi sem stýrir því hvernig hausinn lítur út. Þjónustudeild TM Software heilbrigðislausna aðstoðar við það.

~~~~~

Stillingar - Yfirgjaldaliðir

Hægt er að skilgreina yfirgjaldaliði og þannig flokka saman gjaldaliði með því að velja fyrir hvern gjaldalið hvaða yfirgjaldalið hann tilheyrir. Þegar valdir eru gjaldaliðir inn á reikning sjúklings, þá eru yfirgjaldaliðir sýndir feitletraðir efst í vallistanum. Sé yfirgjaldaliður valinn birtist önnur valmynd sem sýnir aðeins þá gjaldaliði sem tilheyra völdum yfirgjaldalið. Athuga skal að hafi gjaldaliður yfirgjaldalið, þá birtist gjaldaliðurinn ekki í vallistanum í afgreiðsluglugganum nema eftir að yfirgjaldaliðurinn hafi verið valinn. Yfirgjaldaliði má gera óvirka og verða þá allir gjaldaliðir þess yfirgjaldaliðs óvirkir. Yfirgjaldaliðir tengjast ekki sérstökum afgreiðsludeildum heldur eru sameiginlegir öllum innskráningardeildum.

~~~~~

Skýrslur - Aðgangsstýringar

Hægt er að stýra því hvort listi deildar sem birtist við keyrslu skýrslna byggist eingöngu á þeim deildum sem notandinn hefur aðgang að. Þá verður hann að velja minnst eina deild, fyrr fær hann ekki að keyra skýrsluna. Sjálfkrafa er hakað við deildina sem hann er skráður inn á og ef hann afvelur hana án þess að önnur deild sé valin þá verður „Í lagi" hnappurinn óvirkur þar til hann velur aðra deild í staðinn. Breyta þarf gagnagrunnsstillingum skýrslna til að þetta taki gildi, en breytingin verður ekki gerð nema hjá þeim sem þegar hafa óskað eftir auknum aðgangsstýringum á skýrslum eða þeim sem óska eftir því í kjölfar útgáfunnar. Nýjung í skýrslum er einnig að breytur sem þarf að skrá eða velja eru auðkenndar með undirstrikun.

~~~~~

Skýrsluumsjón - Nýir skilgreiningadálkar fyrir breytur

Nýir dálkar hafa bæst við til aukins sveigjanleika fyrir skilgreiningu skýrslna. Hægt er að merkja breytur sem skylduval sem þýðir að ekki er hægt að keyra skýrslu án þess að eitthvað hafi verið skráð / valið í þeim lið. Hægt er að skrá sjálfgefin gildi sem þá eru frumstilling skráningaratriðanna sem um ræðir. Hægt er að raða uppflettistöflum eftir ákveðnum dálki. Þar sem þessi eining er eingöngu fyrir kerfisstjóra verður ekki nánari farið út í hvernig þetta er skráð, leita skal til þjónustudeildar TM Software ef óskað er eftir nánari útlitun á möguleikum við skilgreiningu skýrslna.

tt#39237,tt#39238,tt#39239,tt#39240,tt#39241,tt#39242,tt#39243,tt#39278,tt#39330,tt#39383,tt#39384,tt#39386,tt#39396,tt#39397,tt#39398,tt#39474,tt#39475

**Skýrslur (gaReporter)**

- Skýrslueining - afköst á skýrslukeyrslu

Búið er að auka hraðann á skýrslukeyrslunni. Það var gert með því að setja inn skilyrði til að keyra ekki kóða tengdan "debug" og "schemareplace" að óþörfu. Ef "debug" og/eða "schemareplace" er notað þá getur það dregið úr hraðanum.



tt#38870,tt#38871



tt#39568,tt#39601,tt#39602

## Stillingar (gaConfigurator)

- Stillingar - Saga ->Stillingar

Hægt er að skruna upp og niður töfluna með örvatökkum og opna og loka flokkum án þess að eiga á hættu að fá "List index out of bonds (-1)" villu.

tt#36081

## Textasýn (gaTextViewRTF)

- Textasýn, vinnulisti, biðlisti - Útprintun

Nú er nafn þess sem prentaði skjöl út úr ofantöldum einingum birt neðst til vinstri á hverri útprintaðri síðu.

ac#22795,tt#37944

- Textasýn

Starfsheiti er nú birt fyrir aftan heiti starfsmanna fyrir hvert eyðublað. Starfsheitið er sótt í svæðið „Starf“ í Kerfisumsjón.

ac#23136,tt#38033

- Textasýn - Síustillingar

Bætt var við þremur nýjum síuatriðum: "Ábyrgur starfsmaður", "Undirritaðir starfsmenn" og "Aðrir starfsmenn".

Síuatriðinu "Starfsmaður" var breytt í "Útfyllt af".

Nú getur kerfisstjóri falið þau síuatriði sem ekki eiga að vera sýnileg á stofuninni

tt#38115

- Textasýn

Þegar stilligildi 85 - "Birta upplýsingar um samskipti" er ekki virkt þá birtist fyrir hvert eyðublað upplýsingar um staðsetningu þess og samskiptaform.

ac#23480,tt#38195

- Textasýn - Síustillingar

Nú er hægt að sía eftir "Starfstétt" sem stillt er í Kerfisumsjón fyrir hvern einstakling.

ac#23892,tt#38486

- Textasýn - Síustillingar

Nú er hægt að haka við allar línur í lista fyrir samskipti með því að hægrismella á listann og "Velja allt". Þetta er líka hægt að gera með Ctrl+A. Sé hakað við allar línur þá afhakar aðgerðin allar línur.

Nú er hægt að breyta valdri línu í listanum með upp og niður örvum þegar listinn hefur fókus. Hægt er að ýta á bilslá til að haka við og afhaka þá línu sem er valinn hverju sinni.

tt#38518

- Textasýn

Flipinn "Birki" hefur verið útfærður þannig að þar má einnig sjá gögn úr öðrum kerfum sem hafa verið flutt inn í Sögu með hjálp þjónustudeildar TM Software. Gögnunum má aðgangsstýra með því að skilgreina viðeigandi auðkenni gagnanna með stilligildi 1088 og setja gildið sérstaklega á deildir. Þannig má stýra því hvað sést á hverri deild ef þess er óskað að ákveðin gögn sjáist ekki nema á ákveðinni eða ákveðnum deildum. Ef stilligildi 1088 er ekki virkt þá eru sjálfgefnu gögnin sem sjást á flípanum úr "Birki" eins og áður.



Stillingildi 19 verður að vera virkt til að flipinn sjáist, en heiti hans má breyta með því að tilgreina það í stilligildinu. Ef gildið er tómt, þá er heiti flipans „Birkir“ eins og áður.

*ac#24315,tt#38863*

## Vinnulisti (gaWorklist)

- Vinnulisti - heimahjúkrun

Heimasími, farsími og heimilislæknir birtast nú í listanum yfir þá sem fá heimahjúkrun.

*ac#14123,tt#39189*